

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1188  
komudagur 31.1.2011



Alþingi, nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. janúar 2011

**Efni: Frv. til breytinga á l. nr. 90/2003 um tekjuskatt (sjúkdómatryggingar) — 300. mál.**

SVP - Samtök verslunar og þjónustu gæta hagsmuna fyrir vátryggingamiðlara og því varðar það frumvarp sem hér um ræðir hagsmuni þeirra miklu.

Úrskurður yfirkattanefndar nr. 93/2009 hafði í för með sér breytingu á áralöngu ástandi á vátryggingamarkaði, þar sem niðurstaða nefndarinnar var sú að bætur úr sjúkdómatryggingum væru skattskyldar. Fram að því hafði verið litið svo á að slíkar bætur væru skattfrjálsar og höfðu skattyfirvöld ekki gert athugasemdir við þá skipan mála. Þessi úrskurður hafði því í för með sér grundvallarbreytingu á réttarstöðu bótaþega sjúkdómatrygginga. Málinu var skotið til dómstóla og komst Héraðsdómur Reykjavíkur að efnislega sambærilegri niðurstöðu og yfirkattanefnd með dómi sem kveðinn var upp í júní á síðasta ári.


SVP leit svo á að tilgangur þessa frumvarps hefði verið að kveða skýrt á um það að bætur úr sjúkdómatryggingum skyldu vera skattfrjálsar. Frumvarpið virðist því hafa breyst í meðförum innan þingsins á þann veg að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar eru eftir 1. desember 2010 skuli vera skattskyldar. Kom þessi breyting samtökunum mjög í opna skjöldu.

Samtökin leggjast eindregið gegn því að frumvarpið verði samþytt sem lög í þeirri mynd sem það er nú. Í fyrsta lagi mun það leiða til mismununar milli bótaþega sjúkdómatrygginga sem vart fái staðist með tilliti til almennra jafnræðissjónarmiða. Í öðru lagi mun slíkt fyrirkomulag leiða til röskunar á samkeppni á vátryggingamarkaði, þar sem telja má mjög hæpið að þeir sem keypt hafa slíka tryggingu fyrir 1. desember 2010, muni segja henni upp og kaupa sambærilega tryggingu hjá öðru vátryggingafélagi. Aðilar á vátryggingamarkaði hafa þegar orðið varir við að þessum rökum er beitt gegn þeim sem hyggjast flytja viðskipti sín á milli vátryggingafélaga.

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið tilgreind leggjast SVP eindregið gegn samþykkt frumvarpsins í þeirri mynd sem það nú er. Samtökin leggja til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að allar útgreiðslur vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga verði skattfrjálsar, án tillits til á hvaða tíma vátryggingin var keypt.

Samtökin eru tilbúin til að koma á fund þingnefndarinnar til þess að gera nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Virðingarfyllst,  
f.h.SVP

  
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Borgartúni 35  
IS-105 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 511 3000  
Fax: +354 511 3001

svth@svth.is  
www.svth.is